



SKOÐUN Höft og verðbólga eru inngróin íslenskum hugsunarhætti og menningu, skrifar Guðmundur Andri 13



MENNING Íris Hrund Pórarinsdóttir gefur út sína fyrstu sólóplötu. Hún semur sjálf öll lög og texta. 26



SPORT Margrét Lára Viðarsdóttir er komin á fulla ferð og telur íslenska landsliðið geta farið langt á EM. 22

ASUS ZENBOOK™

HÖNNUN
HRAÐI
FEGURÐ

tl.is

TÖLVU LISTINN

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur
22. apríl 2013
93. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Fundað í Kolaportinu

Píratarnir leigðu bás í Kolaportinu á laugardag til að kynna stefnumál sín. Frambjóðendur seldu blöðru og gáfu barmmerki og bæklinga. 6

Aðstoða villta fugla Hjón í Stykkishólmi taka fugla inn á heimilið og þvo úr þeim grútarfituna úr Kolgrafafirði. 2

Björgunarskip Ríkið veitir 30 milljónir á ári til þess að gera öll björgunarskip Landsbjargar upp. 4

Allir vilja landgræðslu Umhverfismál ber ekki hátt í stefnuskrám flokka að þessu sinni. Flokkarnir munu þó vart eiga í vandræðum með að ná saman um landgræðslu. 10



Bolungarvík	1°	NA11
Akureyri	3°	N 4
Egilsstaðir	3°	NA 6
Kirkjubæjarkl.	4°	NA 5
Reykjavík	5°	A 9

Snjócoma eða rigning A- eða NA-5-13 m/s hvassast NV til og með S-stöndinni. Úrkoma um allt land, einkum S- og V-til. Hiti 0-8 stig yfir daginn. 4

2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



Önnur hver kona í meðferð greinir frá kynferðisofbeldi

Flestir sem leita sér aðstoðar vegna áfengis- og vímuefnavanda hjá SÁÁ greina frá ofbeldi sem þeir hafa verið beittir. Þetta sýna viðtöl SÁÁ við á fimmta þúsund manns. Önnur hver kona segir frá kynferðislegu ofbeldi.

HEILBRIGÐISMÁL Greiningarviðtöl við rúmlega 4.100 einstaklinga sem hafa leitað sér lækninga hjá SÁÁ vegna áfengis- eða vímuefnavanda sýna að stór meirihluti þessa stóra hóps hefur verið beittur ofbeldi einhvern tímann á ævinni. Rúmlega önnur hver kona hefur verið beitt kynferðislegu ofbeldi.

Þórarinn Tyrtingsson, yfirlæknir á Vogu, segir tölurnar yfirgengilegar og tala sínu máli, en þær eru fengnar úr greiningarviðtölum (ASI-viðtöl). „Þetta kemur upp úr kafinu þegar fólk fær svigrúm til að ræða þessi

mál. Málin eru jafn ólík og þau eru mörg; sum eru nýtilkomin og stundum er langt um liðið. Sumir segja þessar sögur frá uppvaxtarárum sínum,“ segir Þórarinn.

Tölurnar byggja á greiningarviðtölum við 2.850 karla og 1.249 konur sem leituðu sér lækninga hjá SÁÁ á árunum 2009 til 2011. Þar er leitað svara við því hvort einhver hafi einhvern tímann misnotað viðkomandi eða beitt hann ofbeldi. Þessu svara 83% kvenna og 59% karla játandi varðandi tilfinningalegt ofbeldi. Þegar líkamlegt ofbeldi á í hlut er það reynsla 64% kvenna; nær

hellingur karlanna segir sömu sögu.

Á sjöunda hundrað konur af þeim 1.249 sem viðtölin náðu til hafa verið beittar kynferðislegu ofbeldi, eða 53%. Rúmlega tíundi hver karl segir frá kynferðislegu ofbeldi, eða 11% þeirra.

Þórarinn segir að þrátt fyrir að karlar hafi upplifað ofbeldi í mörgum tilfellum sé það ekkert í líkingu við það sem konur upplifa. „Konur hafa um langan tíma þurft að þola ofbeldi sem verður ekki borið saman við það sem karlar eru að upplifa, að mínu mati.“

Þórarinn slær varnagla við töl-

1.249 konur komu í viðtal. 53% voru beitt kynferðisofbeldi.

fræðilegum niðurstöðum eins og þessum. „Við vitum ekki hvað kemur á undan, ofbeldið eða neyslan, eða hvert orsakasambhengið er þarna á milli. Þessi mynd er afar flókin en þó er ljóst að þetta er reynsla sem eltir fólk. Svo verður að hafa hugfast að við vitum ekki hvað ofbeldi, af hvaða toga sem er, er algengt í okkar samfélagi. Við höfum því ekki þær tölur til samanburðar.“ -shá



TVÖ NÖFN VALIN Isle of Awe Land og Let's Get Lost Land hafa verið valin til þess að hejja einvígi um titilinn besta uppástungan um nýtt nafn á Íslandi. Það var Inspired by Iceland sem stóð fyrir samkeppninni á heimasíðu sinni og var niðurstaðan kynnt á Austurvelli í gær. Á föstudag hefst kosning á milli nafnanna tveggja og stendur hún í tvær vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Fullkomin leiksýning: Englarnir fá fimm stjörnur

MENNING „Fullkomin útfærsla á skáldsögunni. Mögnuð leiksupplifun þar sem unnið er með mörk heilbrigðis og geðsýki á áhrifamikinn hátt sem lætur engan ósnortinn,“ segir Sólveig Sigurðardóttir leikhúsgagnrýnandi meðal annars í fimm stjörnu leikdómi um Engla alheimsins í Þjóðleikhúsinu.

„Ádeilan er fólgin í því hve samfélag okkar hefur jafnan haft lífinn skilning á sögum annarra vistmanna á Kleppi. Á meðan saga þeirra hefur fengið bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs, sex Edduverðlaun, framlag til Óskarsverðlauna og nú rými á stóra sviði Þjóðleikhússins hafa fyrirmyndir sögunnar í gegnum tíðina upplifað útskýfun úr samfélaginu,“ segir enn fremur í dómmum.

-fsb / sjá síðu 19

ÞINN DAGLEGI

fróosh
fruit: bottled



Enginn sykurl
Engin aukaefni

Hver flaska af fróosh inniheldur 100% ferska ávexti!

Tölvuleikjaframleiðandinn CCP mun kosta stöðu við HR næstu fimm ár:

CCP kostar tölvuleikjaprófessor

MENNTAMÁL CCP, sem framleiðir tölvuleikina EVE Online og Dust-514, mun næstu fimm ár kosta prófessorsstöðu í tölvuleikjagerð við Háskólann í Reykjavík (HR). Skólinn stefnir að því að stórefla kennslu og rannsóknir tengdar tölvuleikjum.

„Von okkar með þessu skrefi er að fleiri líti á þennan farveg sem mögulegan starfsvettvang og þá

viljum við styrkja umhverfi tölvuleikjagerðar á Íslandi,“ segir Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP.

Skrifað var undir samninginn á föstudag en samkvæmt honum fær HR 10 milljónir króna frá CCP til að koma prófessorsstöðunni á fót. Þá mun CCP kosta hana næstu fimm ár, auk þess að veita HR ýmsan stuðning á tímabilinu,

Von okkar með þessu skrefi er að fleiri líti á þennan farveg sem mögulegan starfsvettvang.

Hilmar Veigar Pétursson framkvæmdastjóri CCP

svo sem með aðstoð frá starfsfólki og notkun á tengslaneti fyrirtækisins. -mbl / sjá síðu 4

LÆKKAD VERÐ Á NÝJUM BÍLUM FRÁ CHEVROLET

Nánari upplýsingar á benni.is

ALLT AÐ 400.000 kr. VERÐLÆKKUN

CHEVROLET

Bil-til-Benna

KRAFTMIKIÐ KAFFI OG SÚKKULAÐI-BOOST

- 1 lítið Vanilluskýr.is
- 1 dl sterkt kaffi
- 2 msk heslihnetu- og súkkulaði-mauk (Nusco)
- 6-8 ísmolar



www.skyr.is



Hlutfjárútboð í TM

Hefst í dag klukkan 10:00

- **TM er eitt stærsta tryggingafélag landsins.** Félagið byggir á 57 ára farsælli sögu og hefur um 26% markaðs-hlutdeild meðal skaðatryggingafélaga á Íslandi, miðað við iðgjöld árið 2011.
- **Sterkt vörumerki.** TM hefur mælst með ánægðustu viðskiptavinum íslenskra tryggingafélaga 12 af undanförunum 14 árum.
- **Hagnaður fyrir skatta er áætlaður 2,3 ma.kr. í ár** samkvæmt rekstraráætlun félagsins. Í fyrra nam hagnaður fyrir skatta 3,0 mö.kr.
- **Góð framlegð af váttryggingastarfsemi.** Í fyrra var samsett hlutfall tjóna og rekstrarkostnaðar 88,5%, hið lægsta meðal íslenskra váttryggingafélaga. Jákvæð framlegð hefur verið af váttryggingarekstrinum undanfarin þrjú ár.
- **Traustur efnahagur.** Í lok síðasta árs nam eigið fé TM 10,2 mö.kr. og eiginfjárlutfallið var 37,3%.
- **Stefnt er á reglulegar arðgreiðslur.** Arðgreiðslur skulu nema a.m.k. 50% af hagnaði eftir skatta, samkvæmt arðgreiðslustefnu félagsins.
- **Styrkleikamat BBB- hjá Standard & Poor's.** Matið var hækkað fyrr á þessu ári, með tilvísun í sterkari fjárhag og lengri sögu um jákvæða afkomu af váttryggingarekstri félagsins.
- Um 2/3 hlutfjár var selt í fyrra, til hóps lífeyrissjóða og annarra innlendra fjárfesta.

Hlutfjárútboð í Tryggingamiðstöðinni hf. (TM) stendur frá kl. 10:00 þann 22. apríl 2013 til kl. 16:00 þann 24. apríl 2013. Í útboðinu hyggjast Stoðir hf. selja 218.550.000 áður útgefna hluti í TM, sem samsvarar 28,7% af útgefnum hlutum í TM. Útboðsgengi í útboðinu mun liggja á verðbilinu 17,75-20,10 krónur á hvern hlut í TM. Söluandvirði útboðsins getur numið á bilinu 3,9-4,4 milljörðum króna. Gjaldlagi áskrifta er 3. maí 2013.

NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöllin) hefur samþykkt umsókn stjórnar TM um töku hlutabréfa félagsins til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar. Samþykkið er háð því að félagið uppfylli skilyrði reglna fyrir útgefendur fjármálagerninga í NASDAQ OMX Iceland hf. um dreifingu hlutfjár fyrir skráningardag. Gert er ráð fyrir að fyrsti viðskiptadagur með hluti TM á markaði verði 8. maí nk., en Kauphöllin mun tilkynna um fyrsta viðskiptadag með minnst eins viðskiptadags fyrirvara.

TM hefur birt lýsingu, sem dagsett er 11. apríl 2013, í tengslum við hlutfjárútboðið og umsókn um töku allra hlutabréfa í TM til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar. Lýsinguna má nálgast rafrænt á www.tm.is/fjarfestar og útprentuð eintök má nálgast í höfuðstöðvum TM í Síðumúla 24 í Reykjavík. Áður en fjárfestar



taka ákvörðun um fjárfestingu í hlutum í TM eru þeir hvattir til þess að kynna sér allar upplýsingar sem lýsingin hefur að geyma, þ. á m. skilmála útboðsins og umfjöllun um áhættu sem þar kemur fram.

Nánari upplýsingar um útboðið er að finna á www.landsbankinn.is og www.islandsbanki.is.

Umsjónar- og söluaðilar útboðs og töku hlutabréfanna til viðskipta
Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans, Hafnarstræti 5, 155 Reykjavík,
sími 410 4000, tmutbod@landsbankinn.is.

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka, Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík,
sími 440 4000.

Ráðgjafar Landsbankans veita upplýsingar um áskriftarhluta útboðsins í síma 410 4040, tölvupóstur: fjarmalaradgjof@landsbankinn.is, frá kl. 9:00-20:00 þann 22. og 23. apríl og fram til loka útboðsins kl. 16:00 þann 24. apríl 2013.



ALMENN

„SKULDALEIÐRÉTTING“

ER ÓRÉTTLÁT

	Útrásarvíkingur í eigin húsi	Par í leiguhúsnæði
Verðmæti eigin húsnæðis	110 milljónir	0
Verðmæti bíls	10 milljónir	1 milljón
Sparifé, verðbréf	200 milljónir	2 milljónir
Námslán, bílalán, aðrar skuldir	7 milljónir	7 milljónir
Húsnæðislán	75 milljónir	0
Eignastaða nú	+238 milljónir	-4 milljónir
20% „skuldaleiðrétting“ skilar	15 milljónum	0

- Almenn „skuldaleiðrétting“ tekur ekki á vanda þeirra sem verst standa.
- Fólk með háar tekjur og miklar eignir fengi stóran hluta „leiðréttingarinnar“.
- Auðmenn fengju í flestum tilvikum meiri „leiðréttingu“ en öreigar.
- Sá helmingur þjóðarinnar sem skuldar ekki húsnæðislán fengi ekki neitt.
- Skattgreiðendur fengju reikninginn.

SEGJUM ÁFRAM **NEI**

VIÐ ÞJÓÐNÝTINGU

EINKASKULDA

VEISTU SVARID?



1. Hvar á nýr Álftanesvegur að liggja?
2. Hvaða íslenski fjallagarpur stóð á toppi fjallsins Ouncak Jaya í janúar?
3. Hversu gamalt var met Péturs Péturssonar sem Alfreð Finnbogason bætti í síðustu viku?

SVÖR

1. Gálghararnum, 2. Björn Ólafsson, 3. Þrjátíu og þrjú ára.

Forstjóri Þjóðskrár segir umvandanir út af launakjörum forsvarsmanns ekki segja alla söguna:

Dæmi um samkeppnina um besta fólkið

STJÓRNSÝSLA „Kjarni málsins er að þetta mál varpar ljósi á þá samkeppni sem er um best menntaða og hæfasta tölvufólkið í landinu til að reka þessi stóru tölvukerfi, eins og það sem við erum að reka,“ segir Haukur Ingibergsson, forstjóri Þjóðskrár.

Ríkisendurskoðun gagnrýnir hart launakjör forstöðumanns tölvudeildar Þjóðskrár í nýrri skýrslu. Þar segir að forstöðumadurinn hækkaði í launum eftir að hann hætti verktöku við umsjá

tölvudeildarinnar og gerðist launamaður. Haukur segist ekki vera í aðstöðu til að tjá sig um launakjör einstakra starfsmanna stofnunarinnar, en forstöðumadurinn er á hærri launum en Haukur sjálfur.

Ríkisendurskoðun segir í skýrslunni að laun forstöðumanns verði að rúmast innan þeirra marka sem eru hjá öðrum ríkisstofnunum, en við launaákvörðun forstöðumanns tölvudeildarinnar var litið til launa starfsmanna tryggingafélaga og

banka. Hvort ómögulegt sé að ráða yfirmann deildarinnar á launum sambærilegum þeim sem annars staðar gerast hjá ríkinu segir Haukur: „Ég segi það nú ekki. Það kemur fram í skýrslunni að ekki er skipulögð bakvakt með tölvukerfunum heldur hringt í forstöðumann ef út af bregður. Þannig að í reynd sparar það fyrirkomulag stofnuninni fjármuni og hvetur til þess að tölvukerfin séu byggð og rekin með hámarks rekstraröryggi.“

-shá



Kjarni málsins er að þetta mál varpar ljósi á þá samkeppni sem er um best menntaða og hæfasta tölvufólkið í landinu.

Haukur Ingibergsson
forstjóri Þjóðskrár



GLÆNÝR HUMAR

HEITUR MATUR Í HÁDEGINU

OPIÐ LAUGARDAGA

Gnoðarvogi 44 • Sími 588 8686



ERFIÐAR SPURNINGAR

Helgi Hrafn, einn af kapteinum Pírata, ræddi lengi við konu á laugardag sem vildi fá svör við erfiðum spurningum. Ekki var mikill áhugi meðal gesta Kolaportsins á að kynna sér málefni.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Ekki mikill áhugi á sjóræningjapólitík

Píratairnir leigðu bás í Kolaportinu á laugardag til að kynna stefnumál sín, selja bækur og gefa merki. Viðskiptavinir höfðu þó mismikinn áhuga á að kynna sér málefni. Fullorðin kona tók oddvitann á teppið með erfiðum spurningum.

2013

Það virtist ekki vera mikill áhugi meðal gesta Kolaportsins á að ræða við frambjóðendur Pírata í kynningarbás sínum á Gleðistíg á laugardag. Básinn var staðsettur á móti kynningarsvæði Dögunar og ekki leið á löngu þar til heyrðist frá keppinautum. „Endilega kikið hingað,“ kallaði einn frambjóðandi Dögunar til blaðakonu og ljósmyndara Fréttablaðsins þar sem þau reyndu árangurslaust að fá fólk í viðtöl vegna píratanna.

Frambjóðendurnir seldu blóður og gáfu barmmerki og bæklinga. Tveir meðlimir flokksins sátu og fönnduðu barmmerki og spjölluðu saman á ensku í hálfum hljóðum. Fjöldi bóka var einnig til sölu en fljótt á litið var ekki að finna eina einustu um tjáningarfrelsi, tölvur eða internetið.

Hvorki Helgi né aðrir úr

flokknum voru að bera sig mikið eftir söfnun atkvæða með útskýringum stefnumála eða barmmerkjum. Flestir sem hófu samtalið við píratana virtust þekkja þá fyrir, að minnsta kosti var töluvert um kossa á kinnar og handabönd.

Alvaran í baráttunni hófst er fullorðin kona gekk ákveðin upp að Helga og það hann um að svara fjölda spurninga þar sem „hún var orðin leið á að láta stjórnmálaflokka ljúga að sér“. Spurningarnar litu að einkavæðingu, auðlindanýtingu, heilbrigðiskerfinu, virkjanamálum og fleiru. Eftir því sem spurningarnar urðu erfiðari og ítarlegri sást að það fóru að renna tvær grímur á Helga.

„Hvað ætlaðu að gera við þetta?“ spyr Helgi konuna. „Þetta er bara fyrir mig,“ svaraði hún. „Ætlaðu að gera eitthvað við svörin, gefa þau út eða birta þau? Því ef svo er vil ég helst ekki

„Ætlaðu að gera eitthvað við svörin, gefa þau út eða birta þau? Því ef svo er vil ég helst ekki svara fleiri spurningum.“

Helgi Hrafn Gunnarsson
oddviti Pírata í Reykjavík norður

svara fleiri spurningum,“ bætti hann við.

Konan virtist hafa náð að sannfæra oddvitann um að svara áfram því hann hélt áfram töluverða stund. Það tók að vísu tuttugu mínútur og hann missti eflaust af einum eða tveimur mögulegum kjósendum, en konan fékk svör við spurningum sínum. „Píratairnir eru fyrstir og svo ætla ég að gera þetta við alla flokka,“ segir hún. „Hann fór svolítið undan í sumum svörum, en öðrum svaraði hann vel.“

sunna@frettabladid.is

Kosningaráróður hefur ekki áhrif á óákveðna kjósendur

→ „Alls ekki íhaldið og alls ekki Framsókn“

Ólafur Ingólfsson þekkir svolítið til Pírata, einkum vegna þess að frænka hans starfar mikið með flokknum. „Hún er alveg á kafi í þessu,“ segir hann. „Ég er ekki alveg búinn að ákveða mig varðandi kosningarnar en vegna fjölskyldunnar er þetta er besti möguleikinn.“

Ólafur hefur ekki mikla trú á að fram-

boðskynningar sem þessar hafi nokkur einustu áhrif á kjósendur. Hann hafði kynnt sér stefnumál flokksins áður en hann kom í Kolaportid þennan dag.

„Þessi stefna hentar mér bara vel, svo framfarlega sem þetta er alls ekki íhaldið og alls ekki Framsókn,“ segir hann.



→ Verður sextug og ákveðin á kosningadaginn

„Ég ætla að halda upp á daginn með því að kjósa rétt en ég er samt ekki búin að ákveða mig,“ segir Jóna Lilja Pétursdóttir, starfsmaður í Kolaportinu. Jóna verður sextug á laugardaginn næstkomandi, kosningadaginn. Hún segir heimsóknir og áróðursbæklinga

stjórnmálaflokka á svæðinu ekki hafa nokkur einustu áhrif á hana og hennar afstöðu. „Ég mun ákveða mig á afmælisdaginn. Þegar ég vakna um morguninn ætla ég að fara í sund og þar mun ég taka ákvörðunina. Þetta er það eina sem ég er búin að ákveða.“



„MBA námið var góð viðbót í verkfæratalöskuna“

Halldór Halldórsson

Formaður Sambands íslenskra sveitafélaga

Kynntu þér MBA-nám við Háskóla Íslands.

Kynningarfundur og létt hádegishressing 24. apríl kl. 12-13 í stofu 101 á Háskólatorgi

Skoraðu á þig og taktu skrefið

www.mba.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS | MBA


Vissir þú að...



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

börn eiga rétt
að leika sér

ER ÞETTA EITTHVAÐ SEM GÆTI GAGNAST ÞÉR?



VIÐ BJÓÐUM ÞÉR Á FYRIRLESTUR HJÁ HÖFUNDI BUSINESS MODEL CANVAS

Business Model Canvas er einhver snjallasta leið sem fram hefur komið til að móta og þróa viðskiptamódel. Hún nýtist þeim sem hafa áhuga á viðskiptaþróun og nýsköpun innan stórra sem smárra fyrirtækja.

Alexander Osterwalder, höfundur Business Model Canvas og metsölubókarinnar Business Model Generation, heldur fyrirlestur um aðferð sína í Arion banka, **Borgartúni 19, 30. apríl klukkan 09.00–10.30.**

Við hvetjum þig til að nýta þér þetta frábæra tækifæri. Aðgangur ókeypis. **Skráning á arionbanki.is.**

Takmarkað sætaframboð.



Metsölubókin Business Model Generation

FRÁBÆRT ÚRVAL

Gerðu frábær kaup!

Allt að 80% lánamöguleikar

Frábært úrval af notuðum bílum á frábæru verði



BMW 525Xi (4wd-xDrive)
Nýskr. 03/08, ekinn 76 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Rnr.270243

**BMW glæsibifreið kr.
5.890 þús.**

Tökum notaðan uppi
notaðan! Erum í
sanningsstuði!



NISSAN QASHQAI+2 SE 7manni
Nýskr. 06/11, ekinn 34 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.590 þús.
Rnr.151561.



LAND ROVER FREELANDER 2S
Nýskr. 07/08, ekinn 88 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.980 þús.
Rnr.190738.

Gott úrval
af 4x4 bílum



NISSAN PATROL LE
Nýskr. 07/08, ekinn 83 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 5.290 þús.
Rnr.151633.



SUBARU FORESTER VISION
Nýskr. 04/11, ekinn 48 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.290 þús.
Rnr.280506.



TOYOTA PRIUS HYBRID EXE
Nýskr. 05/08, ekinn 43 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.890 þús.
Rnr.270225.



VW POLO TRENDLINE
Nýskr. 02/13, ekinn 1 þús. km.
dísil, beinskiptur. Verð kr. 2.990
VERÐ kr. 2.690 þús.
Rnr.190853.

Gerðu frábær kaup
hjá Bílalandi BL

bílaland

Kletthálsi 11 og Breiðhöfða -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

Skógrækt telur grisjun í Öskjuhlíð „vitleysu“

Samkomulag um að grisja elstu og stærstu trén í Öskjuhlíð í þágu Reykjavíkurflugvallar kemur eins og skrattinn úr sauðarleggnum, að sögn framkvæmdastjóra Skógræktarfélags borgarinnar. Hann segir það ekkert hafa með flugöryggi að gera.

REYKJAVÍK „Þetta samkomulag kemur eins og skrattinn úr sauðarleggnum,“ segir Helgi Gíslason, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur, um fyrirhugaðar framkvæmdir á og í nágrenni Reykjavíkurflugvallar, sem Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra og Jón Gnarr borgarstjóri undirrituðu samkomulag um fyrir helgi. Það kveður meðal annars á um að lækka skuli gróður í Öskjuhlíðinni af öryggisástæðum.

„Við vorum ekkert kölluð að þessari ákvörðun núna og vorum bara að kynnast henni í gegnum fjölmiðla,“ segir Helgi. Skógræktarfélagið hefur á fyrri stigum mótmælt grisjuninni í Öskjuhlíð harðlega, meðal annars í umsögn sinni til umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar í desember 2011.

„Ég lít svo á að þetta sé hin mesta vitleysa,“ segir Helgi, sem telur að málið snúist ekki á nokkurn hátt um öryggismál þótt það sé kynnt á þann hátt. „Þetta hefur ekkert með öryggismál að gera, heldur takmarkanir. Eftir ein-



HELGI GÍSLASON



ÖSKJUHLÍÐIN „Þetta er stór hluti af Öskjuhlíðinni og fallegasti hlutinn af einni mestu útivistarperlu borgarbúa,“ segir framkvæmdastjóri Skógræktarfélagsins um fyrirhugaða grisjun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

hver ár getur verið að í flugtaki í átt að Öskjuhlíð þurfi að takmarka þyngd í flutnings- og farþega vélum, sem mundi þá minnka hagkvæmni. Það eru einu áhrifin.“

Hann segir að trén sem eigi að grisja séu þau elstu og vöxtulegustu í Öskjuhlíðinni. Skógræktarfélagið hafi þegar útskýrt hvaða áhrif það mundi hafa á trén að klippa ofan af þeim – það mundi drepa þau eða stórskada – og í raun telji hann að samkomulagið feli í sér að trén verði hreinlega felld.

„Þetta er stór hluti af Öskjuhlíðinni og fallegasti hlutinn af einni mestu útivistarperlu borgarbúa,“ segir hann. Spurður hvort Skóg-

ræktarfélagið geti beitt sér frekar á einhvern hátt eftir að samkomulagið hefur verið undirritað segir hann ljóst að baráttunni sé ekki lokið. „Ég held að þetta geti ekki gengið friðsamlega fyrir sig.“

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa mótmælt þessari grisjun og fulltrúar flokksins í skipulagsráði, Gísli Marteinn Baldursson og Hildur Sverrisdóttir, áréttuðu með bókun á fundi ráðsins fyrr í mánuðinum að þetta sýndi að flugvöllurinn væri of frekur í umhverfi sínu í miðborginni.

EKKI náðist í Ögmund Jónasson innanríkisráðherra í gær.

stigur@frettabladid.is



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS SPYR STJÓRN MÁLAFLOKKANA

Fjárframlög til heilbrigðismála hafa verið skörin niður og vandamál blasa hvarvetna við í heilbrigðisþjónustunni. Biðlistar hafa lengst, álag á starfsfólk vaxið, sjúkrahúsum fækkað, tækjabúnaður hefur verið að ganga úr sér og lækna og aðrir heilbrigðisstarfsmenn vinna í vaxandi mæli erlendis. Læknafélag Íslands leggur áherslu á að gert verði myndarlegt átak í heilbrigðismálum á næsta kjörtímabili.

Spurningar Læknafélags Íslands til stjórn málaflokkanna:

1. Hefur verið gengið of langt í niðurskurði til heilbrigðismála á undanförunum árum?
2. Starfsmannaflótti og lengri biðlistar eftir rannsóknum og aðgerðum eru vaxandi vandamál í heilbrigðiskerfinu. Hvernig hyggst þinn flokkur bregðast við þessum vandamálum?
3. Var það farsæl breyting að slá heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytinu saman í eitt velferðarráðuneyti? Er velferðarráðuneytið ef til vill of stórt miðað við íslenskar aðstæður?
4. Hefur verið gengið of langt í sameiningu heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni?
5. Hvernig á að efla heilsugæsluna og gera hana að aðlaðandi vinnustað fyrir lækna og annað starfsfólk?
6. Hver er afstaða þíns flokks til nýbyggingar Landspítalans við Hringbraut? Væri æskilegt að reka tvö sjúkrahús á höfuðborgarsvæðinu?
7. Hver er afstaða þíns flokks til einkarekstrar (ekki einkavæðingar) í heilbrigðiskerfinu? Hve stóran hluta heilbrigðiskerfisins er æskilegt að reka með samningum við Sjúkratryggingar Íslands?

Svör stjórn málaflokka má finna á heimasíðu Læknafélagsins: www.lis.is



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION



wise
- snjallar lausnir




nýtt nafn

Maritech hefur nú breytt nafni sínu í Wise

Wise nafnið hefur verið notað um árabil á mörgum af okkar lausnum.

Með breytingunni erum við fyrst og fremst að styrkja vörumerkið Wise og samræma markaðsstefnu okkar.

Við hlökkum til ánægjulegs samstarfs.



Wise lausnir ehf.
Borgartún 26, 105 Reykjavík » Hafnarstræti 102, 600 Akureyri
sími: 545 3200 » wise@wise.is » www.wise.is



Microsoft Partner
Gold Enterprise Resource Planning
Silver Independent Software Vendor (ISV)

Allir flokkarnir vilja efla landgræðslu

Umhverfismál ber ekki hátt í stefnuskrám flokkanna að þessu sinni. Fréttablaðið þurfti að leita misdjúpt í samþykktum þeirra til þess að finna eitthvað um málaflokkinn.

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is



Umhverfismál ber ekki hátt í þessari kosningabaráttu og kjósendur þurfa að leggja í nokkra rannsóknarvinnu til að fræðast um stefnu flokkanna í þeim málaflokki. Kjósendur virðast þó hafa meiri áhuga á umhverfismálum en flokkarnir, en í könnun sem Fréttablaðið og Stöð 2 gerðu kom fram að þau væru kjósendum mikilvægari en málefni verðtryggingar og Evrópusambandsins, svo dæmi séu nefnd.

Þeir flokkar sem hafa samþykkt sérstaka kosningastefnu, sem finna má á netinu, minnst varla á umhverfismál. Þau er til dæmis ekki að finna í kosningaáherslum Framsóknarflokksins og sé leitarorðið „umhverfi“ notað í kosningaáherslum Sjálfstæðisflokksins finnast aðeins setningar um starfsumhverfi fyrirtækja.

Stefna Bjartrar framtíðar í málaflokknum rúmast í sjö orðum: Verndum umhverfið. Verum umhverfisvæn. Græn í gegn. Eflaust eru fáir sem ekki geta skrifað upp á hana, þótt kannski sé vafa undirorpið hvað það þýði að vera græn í gegn.

Þráttar hafa ekki samþykkt neina stefnu í málaflokknum og umræðuþráður um umhverfismál á þingi þeirra, en það er tæki sem flokkurinn notar til að ræða og samþykkja stefnu sína á netinu, er auður.

Landsfundasamþykktir

Flokkarnir hafa hins vegar flestir samþykkt sér ítarlega stefnu í umhverfismálum á landsfundum sínum. Þar er að finna útfærða stefnu þeirra í málaflokknum og ýmislegt sem kjósendur geta nýtt sér til að taka ákvörðun í vor, ætli þeir að láta afstöðu til umhverfismála ráða atkvæði sínu.

Þegar stefna flokkanna er borin saman kemur í ljós að þar er víða sami tónn sleginn. Þó ber nokkuð á milli hvað áherslur varðar.

Vinstrihreyfingin – grænt framboð hefur samþykkt ítarlega stefnu

í málaflokknum, enda skilgreindir flokkurinn sig sem umhverfisflokk. Þar er sjálfbær þróun lykilatriðið og segir þar að hún sé ein af grunnstöðum flokksins. „Hún vísar til sameiginlegrar ábyrgðar okkar á því samfélagi sem við búum í og til ábyrgðar okkar gagnvart komandi kynslóðum.“

Samfylkingin segir umhverfisvitund vera forsendu jafnaðarstefnu á 21. öldinni. Flokkurinn leggur mikið upp úr grænu hagkerfi, en ríkisstjórnin hefur meðal annars lagt áherslu á það og Alþingi lét meðal annars vinna víðamikla skýrslu um málið. Með grænu hagkerfi er vísað til „hagkerfis sem leiðir til aukinna lífsgæða um leið og dregið er verulega úr umhverfislegri áhættu og röskun vistkerfa,“ eins og segir í umræddri skýrslu.

Framsóknarflokkurinn ítrekar það í stefnu sinni að hann vilji stjórnarskrárákvæði um að auðlindir eigi að vera í eigu þjóðarinnar, en á heimasíðu flokksins segir að það hafi ranglega verið borið upp á hann að svo sé ekki. Þar er rætt um að nýta náttúruauðlindir landsins af varúð og virðingu, en þó verði að nýta þau tækifæri sem til staðar eru, til að mynda með olíuvinnslu á Dreka-svæðinu.

Sjálfstæðisflokkurinn er eini flokkurinn sem fléttar arðsemi og hagkvæmni inn í umhverfisstefnu sína.

Sátt um uppgræðslu


Hæpið er að umhverfismál muni vefjast fyrir stjórn málaflokkaunum, þegar til stjórnarmyndunar kemur. Það væri þó líklega helst í virkjanamálum, en það er nokkuð athyglisvert hve lítið flokkarnir ræða um þau mál. Björt framtíð er þó býsna skýrmælt þegar hún segir að frekari uppbygging álvera sé ekki skynsamleg.

Flokkarnir munu hins vegar ekki eiga í vandræðum með að ná saman um landgræðslu, en allir leggja þeir mikið upp úr henni, nema Björt framtíð.

“Hún [sjálfbær þróun] vísar til sameiginlegrar ábyrgðar okkar á því samfélagi sem við búum í og til ábyrgðar okkar gagnvart komandi kynslóðum.”

Úr samþykkt VG um umhverfismál

Landgræðslan virðist því enn vera leiðarstefið í umhverfisvernd á Íslandi, en segja má að á 20. öldinni hafi umhverfismál að langmestu leyti snúist um hana. Í það minnsta er ljóst að umhverfismál eru ekki ofarlega í huga flokkanna nú um stundir.



GRÆN Í GEGN

- Vernda umhverfið. Vera umhverfisvæn. Græn í gegn.
- Minnka sóun og auka endurvinnslu.
- Efla umhverfisvænar samgöngur.



AUKA LANGTÍMASÝNINA

- Nýta náttúruauðlindir af varúð með sjálfbærni að leiðarljósi.
- Gera Ísland sem mest óháð innflutningi orkugjafa, til dæmis með olíuvinnslu á Dreka-svæðinu.
- Próa betur endurnýjanlega orkugjafa.
- Efla landgræðslu.
- Auka langtímasýn á sem flestum sviðum og marka stefnu um landnotkun.
- Setja lög um rétt almennings til heilnæms umhverfis og ómengraðra matvæla.
- Ísland verði í fararbroddi á alþjóðavísu um hnattræna umhverfisvernd.



SKYNSAMLEG NÝTING AUÐLINDA

- Arðbær nýting á auðlindum í takt við umhverfissjónarmið. Nýtingarréttur verði í höndum einkaaðila sem greiði hóflegt og sanngjarnt nýtingagjald.
- Tryggja aðgang að góðu drykkjarvatni með vatnsvernd.
- Tryggja gott aðgengi að landi til útivistar.
- Breyta Rammaáætlun í takt við upphaflegar tillögur sérfræðinga.
- Nýta einkaframtakið í náttúruvernd en heimila gjaldtöku náttúruverna.
- Afnema nýsett náttúruverndarlög.
- Efla landgræðslu.



EFLING GRÆNA HAGKERFISINS

- Fara gætlega í uppbyggingu í vatnsafla og jarðvarma og efla rannsóknir á öðrum orkukostum.
- Móta framleiðslustefnu í líffrænum landbúnaði.
- Efla landgræðslu.
- Fjárfesta í þjóðgörðum og setja stjórnarsýslu þeirra undir einn hatt.
- Efla græna hagkerfið með fjárfestingum ríkisvaldsins og aðgerðum í samvinnu við atvinnulífið.
- Stórefla opinbert eftirlit með því að lögum um umhverfis- og mengunarmál sé fylgt.
- Marka stefnu um olíuleit á Dreka-svæðinu.



SJÁLFBÆR ÞRÓUN LYKILATRIÐIÐ

- Sjálfbær þróun ein af grunnstefnum flokksins.
- Vinna markvisst gegn hlýnun lofthjúps jarðar af mannavöldum.
- Hraða vinnu við friðlýsingar svæða í 2. áfanga Rammaáætlunar.
- Draga úr neyslu og leggja áherslu á endurvinnslu og endurnýtingu.
- Efla varnir gegn mengun frá jarðhitavirkjunum.
- Vinna eftir samningi SP um líffræðilega fjölbreytni og evrópska landslagssáttmálanum.
- Stórauka rannsóknir á umhverfisáhrifum ferðamennsku.
- Efla landgræðslu.



mitsubishi.is

Kynntu þér frábært verð á nýjum Outlander sem eyðir aðeins frá 5,5 l/100 km.

Nýr Mitsubishi Outlander

Outlander kostar frá
6.190.000 kr.
Intense 4x4, bensín, sjálfskiptur

HANNAÐUR FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

Nýr fjórhjóladrifinn Mitsubishi Outlander er ríkulega búinn staðal- og þægindabúnaði sem ásamt nýrri tækni eykur öryggi og veitir þér nýja akstursupplifun. Má þar nefna hraðastilli með fjarlægðarskynjara, akreinavara og árekstrarvörn sem allt er staðalbúnaður í grunngerðinni Intense.



Staðreyndirnar tala!

– Borgaðu minna!

Verðkönnunin var gerð dagana 17-19/4 2013

SAMA VARA FRÁ SAMA BIRGJA!



1. Verðmismunurinn er 42% ef keypt er eitt stykki af hverri Tactix vöru í verslunum Múrbúðarinnar og Byko.
2. Samanburðurinn byggist á öllum Tactix vörum sem bæði eru til sölu í verslunum Múrbúðarinnar og Byko.

Múrbúðin hóf sölu á vörumerkinu Tactix í mars 2012, nokkru síðar hóf Byko sölu á sömu vörum.

Í nóvember á síðasta ári tilkynnti framleiðandi Tactix Múrbúðinni að stórfyrirtæki hefði fengið einkaumboð til að selja Tactix vörur á Íslandi. **Er það gott fyrir neytendur?**

Múrbúðin er tilbúin til að opna bækur sínar til að sýna fram á að verð eru óbreytt frá upphafi og með fullri álagningu.

Vörunr.	Vöruheiti	Byko kr.	Múrbúðin kr.	mismunur
200071	Tactix nippiltöng 250mm	2.090	1.290	62,02%
205233	Tactix síll 100mm	919	390	135,64%
205431	Tactix skrúfjárnasett 2 stk	709	440	61,14%
206005	Tactix 9 stk sexkantasett	1.468	1.190	23,36%
210003	Tactix skiptilykill 82 þykkur	2.290	1.390	64,75%
210005	Tactix skiptilykill 10" þykkur	2.790	1.790	55,87%
210007	Tactix skiptilykill 12" þykkur	3.890	2.390	62,76%
215427	Tactix þvinga 300X120mm	2.588	1.990	30,05%
215605	Tactix einnarh.þvinga 600mm	2.774	1.890	46,77%
217001	Tactix draghnoðstöng	1.490	1.490	0,00%
217025	Tactix draghnoðstöng gorma	8.190	4.995	63,96%
221053	Tactix klaufhamar 20oz (ESTW)	4.090	2.595	57,61%
221073	Tactix klaufhamar 16OZ	2.090	1.345	55,39%
221213	Tactix klaufhamar tré 16oz	899	899	0,00%
225011	Tactix sporjárn 6mm	1.250	890	40,45%
225015	Tactix sporjárn 10mm	1.350	840	60,71%
225021	Tactix sporjárn 19mm	1.450	940	54,26%
225025	Tactix sporjárn 25mm	1.550	995	55,78%
225031	Tactix sporjárn 38mm	1.850	1.160	59,48%
225053	Tactix sporjárnasett 3 stk	2.790	2.790	0,00%
230033	Tactix dúknálasett 3 stk	1.550	665	133,08%
265025	Tactix handsög 550mm Polish	1.790	1.790	0,00%
265025	Tactix handsög 650mm Polish	1.790	1.790	0,00%
266011	Tactix bakkasög 300mm	999	999	0,00%
267007	Tactix járnög 12"	2.590	1.690	53,25%
284301	Tactix sogskál 1 platti	649	649	0,00%
300001	Tactix þjöl flöt 200mm	919	590	55,76%
300003	Tactix þjöl rúnuð 20mm	819	520	57,50%
300009	Tactix þjöl þríhyrnd 200mm	919	590	55,76%
301003	Tactix raspur rúnn 200mm	495	495	0,00%
301005	Tactix raspur hálf rúnn 200mm	919	590	55,76%
405001	Tactix prufuskrúfjárn 140mm	249	249	0,00%
680002	Onsite gormaþvingur Sett 22 stk	1.565	1.090	43,58%
	Ef allar vörurnar eru keyptar kr.	61.770	43.406	42,31%

Framúrskarandi
fyrirtæki 2012

MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18
Akureyri	Furuvöllum 15.	Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

Stórkostleg leiksýning í Þjóðleikhúsinu:

Kleppur er hér enn

Englar alheimsins, sem nú eru til sýningar í Þjóðleikhúsinu, fá fullt hús í Fréttablaðinu í dag; fimm stjórnur. Uppsetning Þorleifs Arnar Arnarssonar, leikstjóra sýningarinnar, er stórbrotin og svo miklu meira en bara leiksýning. Þarna er sett á stóra svið Þjóðleikhússins túlkun leikhópsins á skáldsögu Einars Más Guðmundssonar og einnig kafað ofan í tilurð bókarinnar. Þá eru viðbrögð okkar samfélags við bókinni krufin; til dæmis að gera úr bókinni bíómynd. Hún er krufin og afstaða okkar til myndarinnar sömuleiðis. Þessu er svo öllu hlaðið ofan á hugmyndir okkar um geðsjúka, þeirra heim og okkar,

þannig að eftir situr stórkostlegt listaverk sem byggir á þessari merkilegu sögu sem snertir okkur öll.

Mikael Torfason

mikael@frettabladid.is



Saga Einars Más hefur lengi haft mikil áhrif á okkur Íslendinga. Við vitum öll að Kleppur er víða. Í dag er

jafnvel hægt að fullyrða að Kleppur sé alls staðar á Íslandi. Við erum sögð eiga tilkall til heimsmeta í áti á ákveðnum geðlyfjum. Það segir sína sögu.

Í Englum alheimsins er sögð saga klepparans, manneskju sem missir vitið og á ekki afturkvæmt. Við skulum hafa í huga að sú saga er ekki úr fjarlægri fortíð. Hún á enn fullt erindi því þótt margt hafi breyst til batnaðar virðist ástandið ekkert batna.

Þegar skáldsagan Englar alheimsins kom út fyrir tuttugu árum voru tólf hundruð Íslendingar yfir sjötíu og fimm prósent öryrkjar vegna geðsjúkdóma. Þetta var fólkið á örorkubótunum eða listamannalaunum, eins og Páll í Englum kallar bæturnar. Í dag telur þessi fyrrnefndi hópur yfir sex þúsund manns. Það eru jafn margir og búa á Selfossi. Kleppur er hér enn og hann hefur stækkað mikið.

Á Kleppi sjálfum, sjúkrahúsinu, hefur vissulega margt breyst síðustu áratugi. Það er samt hryllileg staðreynd að fjórir af hverjum fimm sjúklingum á Kleppi eru fastir þar þótt þeir hafi lokið meðferð. Þetta eru einstaklingar sem er ekki hægt að útskrifa á götuna heldur þyrftu á sérstöku búsetuúrreði að halda. Þetta er verst setti sjúklingahópurinn. Eftir sex mánuði á sjúkrahúsi missa sjúklingar örorkubæturnar og læstast inni í víthring sem fáum tekst að rjúfa.

Flestir þessara sjúklinga eru á aldrinum 20 til 40 ára. Þetta er ungt fólk sem á skilið betra. Í Fréttablaðinu í fyrra kom fram að tuttugu einstaklingar væru fastir á Kleppi eftir að hafa lokið endurhæfingu. Ástandið hér á suðvesturhorninu er verst hjá þeim sjúklingum sem eiga lögheimili annars staðar en í Reykjavík eða Reykjanesbæ.

Í fréttum okkar í fyrra var Halldór Kolbeinsson, yfirlæknir á Kleppi, harðorður í garð sveitarfélaganna og sagði þau standa mjög illa að málefnum geðfatlaðra.

Við getum gert svo miklu betur. Saga Einars Más, sem hann byggði á ævi bróður síns, Pálma Arnar, kemur okkur enn við. Bæði á bókasafninu, í bíómyndinni, í Þjóðleikhúsinu og úti í þjóðfélaginu. Okkur Íslendingum er umhugað um að betur sé hlúð að okkar fólki sem missir vitið.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Sáttafundur á Skjánum?

Það er vægt til orða tekið að undanfarið hafi andað köldu á milli Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins, og Friðriks Friðrikssonar, framkvæmdastjóra Skjásins, eiginmanns Elínar Hirst, og fyrrverandi formanns kosningastjórnar flokksins í Kraganum. Friðrik sendi Bjarna bréf í tvígang með hvatningu um að hann segði af sér, sem Bjarni gerði ekki, og eftir að það varð ljóst þá sagði Friðrik sjálfur sig úr kjörstjórninni. Það þótti því sæta nokkrum tímum þegar Bjarni mætti í húsakynni Skjás eins á föstudaginn var og settist niður með Friðriki á skrifstofu hans í rúma klukkustund. Ekki er

vitað hvað fór þeim á milli en líklega er frambjóðandanum Elínu létt.

Mikilvæg Samfylking

Árni Páll Arnason var á beinni línu hjá DV í gær og lagði þar mikla áherslu á að Samfylkingin kæmist í ríkisstjórn á næsta kjörtímabili. Það er svo ekki óeðlilegt af flokksformanni. Hins vegar blasir við, ef eitthvað er að marka fylgiskannanir, að Samfylkingin verður tæpast í ríkisstjórn öðruvísi en að þar sitji með henni annaðhvort Sjálfstæðisflokkur eða Framsókn.

Spilltar turtildúfur

Þess vegna var forvitnilegt að fylgjast með Árna sverma fyrir kollegum sínum Bjarna og Sigmundi. Hann sagði þá vera eins og „turtildúfur í tilhugalfi þessa dagana“, sem er ekki svo fjarri lagi, en var ekki beint spenntur fyrir samstarfi þeirra tveggja. „Að óbreyttu stefnir í gamaldags spillingarstjórn“, sagði Árni. Mikilvægt væri að Samfylkingin fengi nægt fylgi til að geta komið í veg fyrir að Framsókn og Sjálfstæðisflokkur endurvæktu stjórn „sérhagsmuna og einangrunarstefnu“. Bjarni og Sigmundur hljóta að íða í skinninu að mynda ríkisstjórn með manni sem talar svona hlýlega til þeirra.

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR



Sögulegur Kínasamningur

VIÐSKIPTI



Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra

Í anda Asíugáttarinnar sem ég hef þróað sem utanríkisráðherra undirritaði ég í Peking sl. þriðjudag fríverslunarsamning við Kína. Ísland er fyrsta Evrópuþjóðin sem nær þessum sögulega árangri. Allar þjóðir í Evrópu standa hins vegar í biðröð eftir því að gera slíkan samning því hann skapar störf, og lækkar verð til neytenda.

Um leið eigum við í viðræðum gegnum EFTA um fríverslun við Indland, Malasíu, Víetnam, og höfum lagt drög að viðræðum við Taíland og Mjanmar. Ástæðan er sú, að öll þessi lönd eru á fljúgandi ferð í efnahagsmálum. Strax árið 2020 mun Kína verða stærra efnahagsveldi en Bandaríkin, og síðar á öldinni er spáð að Indland yfirtaki Bandaríkin líka. Í löndum Asíugáttarinnar fjölga millistéttinni hröðum skrefum. Hún verður drifafli neyslu og hagvaxtar á þessari öld. Ég lít á Asíugáttina sem leið til að skapa nýræktir fyrir íslenska framleiðslu á næstu árum og áratugum.

Fríverslunarsamningurinn við Kína skapar störf og býr til markaði fyrir jafnt hefðbundna framleiðslu sem splunkuný tækifæri. Ef Íslendingar spila rétt úr sínum kortum geta þeir þróað sterkan markað fyrir hefðbundnar fiskafurðir. Nú þegar hafa frosin þorsklök náð táfestu á kínverska markaðnum og með niðurfell-

→ Fríverslunarsamningurinn við Kína skapar störf og býr til markaði fyrir jafnt hefðbundna framleiðslu sem splunkuný tækifæri.

ingu tolla á íslenskan fisk gæti kínverski markaðurinn reynst haldreiði fyrir hefðbundnar afurðir andspænis miklu framboði á þorski úr Barentshafi.

Afurðir sem hafa verið lítills virði, s.s. grásleppuhveljur og sæbjúgu, skapa þar gríðarleg verðmæti. Um leið er í Kína vaxandi markaður þar fyrir hvers konar íslenskt kjöt, heilnæmar mjólkurafurðir eru þar eftirsóttar, og Guðni Ágústsson ætti því að geta selt þar allt skyr Íslands.

Um leið verða til ómæld tækifæri fyrir háþróaða iðnaðarframleiðslu eins og tölvuleiki, gervifætur og matvælatengd tæki, og gleymum ekki því að afnám 17% tolla á koltrefjar mun laða fjárfesta til Íslands til að framleiða þetta framtíðar-efni í bíla og flugvélar inn á Kína.

Það kemur hins vegar ekkert af sjálfu sér. Samningurinn opnar gríðarleg tækifæri og með honum ná Íslendingar forskoti umfram aðrar þjóðir. Það er undir Íslendingum sjálfum komið hvernig úr honum verður spilað.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Aðalfundur

Iðnfræðingafélags Íslands

verður haldinn á morgun 23. apríl,
kl. 20.00 í verkfræðingahúsinu að Engjateigi 9.

IÐNFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS
Pósthólf 8409 • 128 Reykjavík • www.ifi.is

Litla græna paprikan

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur



Ég man eftir fyrstu paprikunni sem ég sá og ég man enn þá bragðið af henni. Hún var græn – og þannig voru þær lengi því að Litanevnd landbúnaðarvара sá enga nauðsyn á því að leyfa rauðar paprikur og afgreiddi það erindi ekki fyrr en nokkrum árum síðar, með miklum semingi. Svo komu þær gulgu og loks þessar appelsínugulu, eftir mikið japl, jaml og fuður.

Fyrsta paprikan. Frjálslyndur og umbótasinnaður fulltrúi í Landbúnaðarráði, Egon Krensson að nafni, hafði í andartaks veiklyndi ákveðið að leyfa ræktun á þessum grænvesti í Garðyrkjuskólanum; þetta var hættuspil, eins og að leyfa Bítlana í Austur-Þýskalandi, eftir þetta varð ekki aftur snúið. Hið löggilta vísitölugrænmeti – gulrófur, kartöflur og gulrætur – var ekki lengur eitt á boðstólum. Við höfðum komist á bragðið.

Ég man það. Fyrsta paprikan sem ég smakkaði var græn á bragðið. Hún var ekki beinlínis bragðgóð – svolítið römm, einkennilega beisk – mér fannst þetta þýðingarmikið bragð. Það var útlenskt. Það gæti aldrei gengið með lifrarpylsu eða orafiskibollum – íslenska súldarmatnum – það var jörð og sól

í þessu bragði; maður fann streyma um sig eitthvert nýtt vítamín. Maður áttaði sig á því að maður yrði að fá þessa næringu til að þrífast. Þetta var bragðið af öðruvísiheitunum.

Blessuð höftin

Egon Krensson var aldrei til þótt hann væri á annarri hverri þúfu í íslenska stjórnkerfinu árum saman. Og ég skrökvaði þessu um Litanevnd Landbúnaðarvара þó að við getum öll séð fyrir okkur kallana í þeirri nefnd; sömu haftakommissarana og töldu fullgott ofan í okkur finnska hringrotskartöfluhroðann á Framsóknaráratugnum. Hér voru höft – en við þau unað samkvæmt boðorðinu „vont en það venst“. Þau voru innleidd á fjórða áratugnum í kreppunni miklu af stjórn hinna vinnandi stétta í neyðarástandi en hurfu aldrei alveg vegna þess að það hentaði forréttindastéttum að hreiðra um sig kringum þetta fyrirkomulag. Þannig er það alltaf með höft. Smám saman varð hér til valdakerfi kringum þau – og Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur byggðu upp kerfi hyglunar og úthlutunar á gæðum til útvalinna.

ÉG KOM til Íslands í fyrsta skipti árið 1999 og veturinn var langur og kaldur. Hann byrjaði í október og honum lauk ekki fyrr en langt var liðið á mars. Allir sögðu að þetta væri óvenju kaldur vetur. Ég kinkaði bara kolla og hugsaði mitt. Ég skildi ekki tungumálið og það tók tvö ár áður en ég var farin að geta sett saman nokkurn veginn skiljanlegar setningar. Ég var ekki í vinnu, átti ekki vini, engar rætur. Ég var fyrst og fremst kona mannsins míns og mamma litlu stelpunnar okkar. Í dag er sú litla stelpa fjórtán ára. Í dag skil ég íslensku og ég tala hana nokkurn veginn. Í dag á ég fjölskyldu og vini – ekki bara vini mannsins míns, heldur mína eigin vini. Og ég var að frumsýna leikrit sem ég leikstýrði í Þjóðleikhúsinu. Ég er þakklát, en ég velti því líka fyrir mér hvort maðurinn eða konan frá Eþíópíu eða Wales fái sömu möguleika. Ég vona það.

MYNDASÖGUR

PONDUS




GELGJAN




HANDAN VIÐ HORNIÐ



BARNALÁN



Vissir þú að...  **Barnaheill**
Save the Children á Íslandi

börn eiga rétt á vernd og umönnun

Leikhús á öðru plani

LEIKLIST ★★★★★

Englar alheimsins

Eftir: Einar Mát Guðmundsson

Leikgerð: Þorleifur Örn Arnarsson og Símon Birgisson **Leikstjórn:** Þorleifur Örn Arnarsson **Leikmynd:** Vytautas Narbutas **Búningar:** Filippía I. Elías-dóttir **Frumsamín tónlist:** Hjaltalín **Dramatúrg, hljóðmynd:** Símon Birgisson **Lýsing:** Halldór Örn Óskarsson **Myndbandshönnun:** Arnar Steinn Friðbjarnarson og Helena Stefánsdóttir **ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ**



ATLI RAFN Aðalleikarinn nær vel að túlka þann mikla ólgusjó sem bærast innra með persónu hans að mati gagnrýnanda.

Eftir langa bið hafa Englar alheimsins lent á stóra sviði Þjóðleikhússins. Tveimur áratugum eftir útkomu einnar ástsælustu bókar þjóðarinnar hefur saga Einars Mát Guðmundssonar verið færð í leikhúsbúning. Þorleifur Örn Arnarsson og Símon Birgisson sjá um leikgerð en sá fyrrnefndi er einnig leikstjóri verksins. Þeir félagar sækja efnivið sinn víða en í leikritinu er vísað á hugmyndafræðni máta í önnur verk Einars. Annars er það fyrirmynd aðalpersónu verksins, bróðir Einars, Pálmi Örn Guðmundsson og verk hans, sem njóta sín á Þjóðleikhússviðinu. Pálmi var sjálfur listamaður og hlaut góða dóma fyrir ljóðabækur sínar. Í dómi frá árinu 1984 voru ljóð Pálma sögð hafa „sérstakan tón sem ná til hjartans því þau hafa einkennilega skarpa birtu og sýna manni nýja fleti á tilverunni“. Segja má að leikritið Englar alheimsins leitist við að fanga þennan sérstaka tón sem einkenndi sköpun Pálma.

Býður upp á nýja vídd

Eins og áður sagði þá þekkjast nær allir Íslendingar sögu Pálma, eða Páls eins og hann er nefndur í bókinni, og mörgum er virkilega annað um að henni séu gerð góð skil. Þeir Þorleifur og Símon notfæra sér þær tilfinningar sem þjóðin ber til verksins og gera persónuna, Pál, að stjórnanda kvöldsins. Leikgerð þeirra er frumleg og býður upp á nýja vídd fyrir flytjanda að mæta áhorfendum sínum. Páll er staddur á stóra sviði Þjóðleikhússins með fullt hús af áhorfendum sem eru mættir til að heyra hann flytja sögu sína með hjálp leikara, tæknimanna og annarra starfsmanna Þjóðleikhússins. Í stað þess að

skapa algjörlega nýja og sjálfstæða útfærslu á verkinu taka Þorleifur og Símon bókina sem og kvikmynd Friðriks Þórs Friðrikssonar með inn í leikhúsið. Þannig er ofsóknaræði Páls útfært á áhrifamikinn hátt, bók Einars Mát er á sviðinu og svipmyndum úr kvikmyndinni er varpað á stórt biótjald. Þessi stílbrögð eru sérlega vel heppnuð, miðlarnir keppa ekki hvor við annan heldur nýtir leikhúsið þá til að þjóna sögunni. Leikmynd, búningar, tónlist, lýsing og myndbönd vinna saman að því að skapa veruleika sem lýsir jafnan þeirri ringulreið sem einkennir hugarheim geðveiks manns en gefa einnig rými fyrir lágstemmd augnablik og einlæg samtöl. Útlit sýningarinnar er stórbrotið í alla staði.

Mögnuð tenging

Það er Atli Rafn Sigurðsson sem fer með hlutverk listamannsins Páls. Nálgun Þorleifs og Símonar stillir Páli nálægt áhorfendum, þeir eru gestir hans þetta kvöld, hann er sögumaður og aðalleikari en umfram allt stjórnandi kvöldsins. Hlutverkið er virkilega krefjandi en Atli Rafn skilar því með miklum sóma. Hann nær á magnaðan hátt að halda tengingu við áhorfendur en jafnframt að túlka þann mikla ólgusjó sem bærast innra með persónu hans. Þar birtist snilldarleg leikstjórn Þorleifs og frumlegar aðferðir hans á leiksviðinu. Aðrir leikarar standa einnig frammi fyrir fyrirframgefnum hugmyndum áhorfenda

sem hafa flestir mætt persónum verksins á síðum skáldsögunnar og kvikmyndatjaldinu. En í stað þess að etja kappi við fyrirrennara sína eiga leikararnir í samræðu við fyrri túlkanir, áhorfendum til skemmtunar. Af afbragðs góðum flutningi annarra leikara ber helst að nefna Eggert Þorleifsson sem leikur Brynjólf, geðlækni á Kleppi. Samband hans við sjúklingana er sérstaklega fallett í höndum Eggerts, en þar reyna sérfræðingur og geðsjúklingar að mæta á einhvers konar jafningjagrundvelli.

Sá grundvöllur var, að mínu mati, kjarninn í þessari stórkostlegu sýningu. Listamaður og geðsjúklingur eignast einn helgasta stað Íslands, stóra svið Þjóðleikhússins, eina kvöldstund og þar með athygli uppáklæddra samborgara sinna sem vilja ólmir heyra hvað hann hefur að segja. Ádeilan er fólgin í því hve samfélag okkar hefur jafnan haft lítinn skilning á sögum annarra vistmanna á Kleppi. Á meðan saga þeirra hefur fengið bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs, sex Edduverðlauna, framlag til Óskarsverðlauna og nú rými á stóra sviði Þjóðleikhússins hafa fyrirmyndir sögunnar í gegnum tíðina upplifað útskýfun úr samfélaginu.

Sólveig Sigurðardóttir

NIÐURSTAÐA: Fullkomin útfærsla á skáldsögunni. Mögnuð leikhúsupplifun þar sem unnið er með mörk heilbrigðis og geðsýki á áhrifamikinn hátt sem lætur engan ósnortinn.



ÁRSFUNDUR 2013

Ársfundur Gildis-lifeyrissjóðs verður haldinn á Grand Hótel Reykjavík þriðjudaginn 23. apríl kl. 17.00.

Dagskrá fundarins:

1. Venjuleg ársfundarstörf.
2. Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins liggja frammi á skrifstofu sjóðsins og eru birtar á heimasíðunni, www.gildi.is

Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundinum með málfrelsi og tillögurétti. Sérstakt fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúum stéttarfélaganna og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á ársfundinum.

Tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

Reykjavík 2. apríl 2013,

Stjórn Gildis-lifeyrissjóðs.



Gildi - lifeyrissjóður
Sættúni 1
105 Reykjavík
Sími 515 4700
www.gildi.is
gildi@gildi.is

KRÓNAN

KORMA kjúklingur

Fljótt og gott fyrir 4
Matur undir 2000 kr.!

HVER BAKKIER
ca. 300 g
þannig að verðið er
um 690 kr. pk.

2298 kr. kg

Krónu kjúklingabringur, 2 stk. í pakka

PAKKINN ER 500 g
Notum 200 g
- verð pr. uppskrift
143 kr.

359 kr. pk.

Tilda suðuhrisgrjón, 5x100 g



2 í pk.
329 kr. pk.
Patak's naanbrauð, 2 teg.



337 kr. stk.

Patak's Korma sósa, 425 g



279 kr. stk.
Coca-Cola, 2 l



SMÁRABÍÓ

FALSKUR FUGL

NÝ ÍSLENSK SPENNUMYND BYGGÐ Á SAMNEFNDRI METSÖLUBOK. MYND SEM ENGIN MA MISSA AF!

★★★★
-T.K., KVÍKMYNDAÐIS



HÁSKÓLABÍÓ

SCARY MOVIE 5

MISSIÐ EKKI AF FYNDNASTU OG BESTU MYNDINI Í SERÍUNNI!

★★★★



OBLIVION

★★★★
-V.J.V., SVARÞÓFER



THE CROODS

★★★★
-H.S.S., MBL

SMÁRABÍÓ	GLERAUGU SELÐ 5%	HÁSKÓLABÍÓ	NÁNAR Á MIÐLIS 5%
FALSKUR FUGL	KL. 6 - 8 - 10	FALSKUR FUGL	KL. 6 - 8 - 10
SCARY MOVIE 5	KL. 6 - 8 - 10	OBLIVION	KL. 6 - 9
OBLIVION	KL. 8 - 10.40	KAPRINGEN	KL. 5.45 - 8 - 10.15
OBLIVION LÚXUS	KL. 5.20 - 8 - 10.40	SAFE HAVEN	KL. 8 - 10.30
G.I. JOE RETALIATION 3D	KL. 8	JAGTEN (THE HUNT)	KL. 5.30
ADMISSION	KL. 10.30	BORGARBÍÓ	NÁNAR Á MIÐLIS
THE CROODS 3D ÍSL. TAL. KL. 3.30 - 5.45	L	FALSKUR FUGL	KL. 6 - 8
THE CROODS 2D ÍSL. TAL. KL. 3.30 - 5.45	L	OBLIVION	KL. 8
FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 2D KL. 3.30	L	G.I. JOE	KL. 10
		SCARY MOVIE 5	KL. 6 - 10.15



LAUGARÁS BÍÓ

Miðasala og nánari upplýsingar



SCARY MOVIE 5

STÆRSTA OPNUN ÁRSINS!



OBLIVION

★★★★
-T.K., KVÍKMYNDAÐIS

LAUGARÁS BÍÓ	Sýningartímar
FALSKUR FUGL	6, 8, 10
SCARY MOVIE 5	8, 10
OBLIVION	5.30, 8, 10.30
THE CROODS 3D - ÍSL. TAL. 6	



SAMBÍÓIN

GRJÓTHÖRD SPENNUMYND Í ANDA DÍE HARD

OLYMPUS HAS FALLEN

FRÁ LEIKSTJÓRA TRAINING DAY OG HANDRITSHÖFUNDINUM KATRÍN BENEDIKT

KVÍKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM

SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMBIO.IS

STÓRMÝNDIN SEM TEKIN VAR UPP Á ÍSLANDI

★★★★
-T.K., KVÍKMYNDAÐIS

OBLIVION



BURT WONDERSTONE

MÖGNUD GRÍNMYND



SIDE EFFECTS

NÝJASTA MYND STEVEN SODERBERGH

ALFABAKKA	EGILSHÖLL
OLYMPUS HAS FALLEN	OLYMPUS HAS FALLEN
OLYMPUS HAS FALLEN VIP	OBLIVION
BURT WONDERSTONE	BURT WONDERSTONE
G.I. JOE: RETALIATION 3D	G.I. JOE: RETALIATION 3D
SIDE EFFECTS	SIDE EFFECTS
ÓFEIGUR GENGUR AFTUR	ÓFEIGUR GENGUR AFTUR
JACK THE GIANT SLAYER 3D	JACK THE GIANT SLAYER 2D
OZ: GREAT AND POWERFUL	ÓFEIGUR GENGUR AFTUR

KEFLAVÍK	AKUREYRI
OLYMPUS HAS FALLEN	OLYMPUS HAS FALLEN
FALSKUR FUGL	BURT WONDERSTONE
OBLIVION	ÓFEIGUR GENGUR AFTUR



SPENNTAR AÐ SJÁ Regína, Birna, Sóley, Helen og Berglind gátu vart beðið eftir að sýningin hæfist.

Glæsileg útskriftar-sýning fatahönnuða

Útskriftarnemar í fatahönnun við Listaháskóla Íslands sýndu útskriftarverkefni sín í Hafnarhúsinu á föstudagskvöldið. Sýningin var vel sótt og almenn hrifning ríkti. Daníel Rúnarsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, festi stemninguna á filmu.



FJÓLSKYLDUFERÐ Sigurlaug, Guðbjörg, Jakob, Evar Österby og Ari Karlsson.



ÁNÆGDAR Vinkonurnar Mai og Sunna voru yfir sig ánægðar með sýninguna.



BEDIÐ EFTIR AÐ SÝNING HEFJIST Linda María og Snær Seljan áttu von á góðu.



EKKERT SMÁ SPENNT Ólöf, Einar og Kristín hlökkuðu mikið til.

Listmunauppboð í Gallerí Fold

mánudaginn 22. apríl, kl. 18 í Gallerí Fold, á Rauðarárstíg

Á uppboðinu verður gott úrval verka samtímalistamanna svo og fjöldi frábærra verka gömlu meistaranna.

Verkin verða sýnd í dag, mánudag 10-17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is



ON THE ROAD

græna ljósið



JAGTEN

græna ljósið

LISTMUNASALA	fold
THIN ICE (ÓKEYPIS)	(L) 19:30
ON THE ROAD	(16) 20:00, 22:20
HANNAH ARENDT	(12) 17:50, 20:00
THE HUNT (JAGTEN)	(12) 17:50, 22:10
DÁVALDURINN	(16) 22:10
CHASING ICE	(L) 18:00

Gunnlaugur Schewing

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVÍKMYNDAEIGENDNA ÍSLANDS Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn

NEMAR, ÖRYRKJAR, ELÐRI BORGARAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKIRTEINIS!

Fínasti fugl

BÍÓ ★★★★★

Falskur fugl

Leikstjórn: Þór Ómar Jónsson **Leikarar:** Styr Júlíusson, Davíð Guðbrandsson, Alexía Björg Jóhannesdóttir, Rakei Björk Björnsdóttir

Arnaldur hefur það ansi skítt eftir að hann kemur að bróður sínum eftir subbelegt sjálfsmorð. Hann er kominn með annan fótinn í fíkniefna-neyslu aðeins sextán ára gamall, og tengir ekki við neitt eða neinn.

Myndin er byggð á skáldsögu Mikla Torfasonar frá árinu 1997 og líklega var það lán í óláni að ekki

tókst að kvikmynda hana fyrr en nú. Íslendingar eru orðnir miklu betri í að búa til myndir um sýböldandi dóp-ista með töffarastæla og áhorfendur orðnir móttækilegri fyrir þeim.

Falskur fugl er að mörgu leyti áhugaverð og vel gerð. Hún hlífir okkur að mestu við sjónrænum óhugnaði en tekst samt að vera óþægileg frá fyrstu mínútu til þeirrar síðustu. Þar spilar aðalleikarinn, Styr Júlíusson, stóran þátt, og eina stundina langar mann að gefa honum vinalegt faðmlag og þá næstu vill maður helst senda hann í sveit. En þarna er hæfileikaríkur piltur á

ferðinni sem spennandi verður að fylgjast með.

Myndataka og klipping eru til fyrirmyndar og tónlistin hjálpar til við að undirstrika óþægindin, en hljóðinu er á köflum ábótavant. Aukaleikarar standa sig flestir með þryði en persónur þeirra eru ekki allar jafn áhugaverðar. Þegar allt er tekið saman er Falskur fugl samt nokkuð lunkið drama og augljóslega gert af heilindum.

Haukur Viðar Alfreðsson

NIÐURSTAÐA: Áhugavert en óþægilegt unglíngadrama.



FALSKUR FUGL Styr Júlíusson á stórleik.



REESE WITHERSPOON Of gömul til að leika Stevie Nicks.

Of gömul fyrir hlutverkið

Stevie Nicks, söngkona Fleetwood Mac, hefur slökkt í vonum Reese Witherspoon um að hún leiki hana í væntanlegri kvikmynd. Nicks segir hana 37 ára Witherspoon einfaldlega of gamla fyrir hlutverkið.

Myndin á að fjalla um yngri ár Nicks og leið hennar á toppinn. „Ég hef þegar sagt við hana að hún sé eiginlega of gömul,“ sagði Nicks í viðtali við ET Canada en Witherspoon hefur verið orðuð við hlutverkið. Witherspoon er þessa dagana að leika í myndinni The Good Lie og hafa tókur staðið yfir í Atlanta undanfarið.



STÖÐUGT Á VARÐBERGI Jennifer Aniston segir Justin Theroux, unnusta sinn, sífellt vera að bregða sér.

NORDICPHOTOS/GETTY

Segir unnustann stríðinn

Leikkonan Jennifer Aniston segir unnusta sinn, leikarann Justin Theroux, sífellt vera að fela sig á bak við gluggatjöldin á heimili þeirra í þeim tilgangi að bregða henni. Þetta viðurkenndi Aniston í sjónvarpsþætti Ellen DeGeneres þar sem hún sagði að sér mistækist ávallt að bregða honum á móti. „Ég er stöðugt stressuð þegar ég kem heim þó að ég viti af honum. Ég ven mig ekki af því.“ Slúðurblöðin hafa undanfarið sagt frá væntanlegu brúðkaupi þeirra skötuhrjúna sem á að halda í sumar.

Neutral®

ÞVOTTAEFNI FYRIR HVERT TILEFNI



Dönsku astma- og ofnæmissamtökin

Astma- og ofnæmissfélagið á Íslandi mælir með vörum frá Neutral



STÓRÞVOTTUR FRAMUNDAN?

Ekkert jafnast á við Neutral Storbask til að komast til botns í þvottakörfunni. Hentar fyrir þvott af öllu tagi.



HAFÐU ÞAÐ FÍNT

Silkihönskum, ullarteppum og dúnnúlpum hæfir 30 til 40 gráðu þvottur í höndum eða vél með Neutral Uld- og finvask.



NÚ ER ÞAÐ SVART

Neutral Sort vask varðveitir svartan glæsileikann svo hann tapi ekki lit sínum. Upplitað er bara ekki í fisku þessa dagana.

Fyrir alla muni, ekki láta þennan lenda í hvíta þvottinum.

Létt er að flokka litríka sokka.



NÚ ER ÞAÐ HVÍTT

Ensímín í Neutral Hvid vask losa þig við erfiða bletti og óhreinindi. Það skilar sér í björtum og hvítum þvotti. Fljótandi Neutral leysist vel upp og hentar því líka vel í handþvottinn.



HALTU LÍFI Í LITUNUM

Settu svolitíð af Neutral Color í hölfið og njóttu þess að fá þvottinn jafn litríkan úr vélinni aftur. Þetta er kröftugt, þú notar bara lítið af dufti í hverja vél. Fljótandi Neutral Color endist líka og endist.



NÁNARI UPPLÝSINGAR Á NEUTRAL.IS



Í tilefni „Ég á líf“-dagsins býður Blóðbankinn til móttöku í dag, mánudag, kl. 15:30–17:30 að Snorrabraut 60.

Blóðbankinn, Blóðgjafafélag Íslands og ungmennadeild BGFÍ munu verða með uppákomur í tilefni dagsins og bjóða upp á grillaðar pylsur, snakk og idýfur. Eyþór Ingi, Pétur Örn og Örylgur Smári verða á staðnum, taka lagið og skapa stemningu. Dagurinn er tileinkaður þeim sem eiga líf sitt blóðgjöfum að þakka – og í leiðinni hvatning til fleiri um að bóka tíma í blóðgjöf og gerast virkir blóðgjafar.

Íslandsbanki

Stefnum á titilinn

Margrét Lára Viðarsdóttir er mætt til leiks í sænsku úrvalsdeildinni eftir fimm mánaða endurhæfingu vegna skurðaðgerðar. Markadrottningin er öll að koma til og segir Íslendingaliðið Kristianstad stefna á sænska meistaratitilinn.

FÓTBOLTI „Mér líður vel. Ég reyni að taka einn dag í einu. Strax eftir aðgerð ætlaði ég að vera eitthvað undrabarn og komast fyrir af stað en allir aðrir. Sú hugsun var ekki alveg rétt. Síðan ég fór að taka einn dag í einu hefur þetta gengið betur,“ segir Margrét Lára, sem glímt hefur við erfið meiðsli lengi. Læknar töldu sig loksins hafa fundið út hvað væri að Margrétu Láru sem var skorin upp á læri í vetur.

„Ég er bjartsýn á það en þegar maður hefur barist við eitthvað í fimm ár leyfir maður sér ekkert að halda party um hverja helgi og fagna áföngum. Maður tekur þessu með stakri ró. Ég er ánægð að hafa komist í gegnum leik, vaknað daginn eftir og staðið upp úr rúminu. Það er eitthvað sem ég hef ekki getað gert í fimm ár.“

Kristianstad er ósigrað eftir fyrstu tvær umferðirnar í sænsku úrvalsdeildinni. Margrét kom inn á sem varamaður í 1-1 jafntefli gegn Piteå fyrir viku og spilaði fyrsta klukkutímann í útisigri á Mallbackens á laugardag. Liðið hefur gengið í gegnum töluverðar breytingar á milli ára.

Klár fyrir helgarnar

„Við erum með töluvert sterkara lið en í fyrra en eigum eftir að spila okkur svolítið saman,“ segir Margrét Lára. Sænska landsliðskonan Josefine Öqvist er komin til liðsins, auk dönsku landsliðskonunnar Johönnu Rasmussen. Báðar eru að hrísta af sér meiðsli líkt og íslenski framherjinn en auk þess eru tveir nýir erlendir varnarmenn klárir í slaginn.

„Við ætlum að gera atlögu að titlinum. Markmiðin eru alveg skýr og við erum ekkert feimnar með það. Til hvers að fara inn í mót og ætla sér ekki að vinna það? Það reiknar samt enginn með miklu af okkur og það gæti fleytt okkur langt,“ segir Margrét Lára. Auk



MARKI FAGNAÐ Margrét Lára er markahæsti leikmaður í sögu íslenska landsliðsins með 69 mörk í 86 leikjum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

hennar er Sif Atladóttir fyrirliði liðsins og Guðný Björk Óðinsdóttir skoraði seinna mark í laugardaginn. Þá er Elísabet Gunnarsdóttir þjálfari liðsins.

„Ég er í umhverfi sem hentar mér fullkomlega. Fæ rosalega mikinn skilning bæði hjá þjálfaranum og félaginu sjálfu,“ segir Margrét Lára, sem metur daglega hvort betra sé fyrir sig að fara á æfingu eða fara í sund.

„Þetta snýst um að vera klár fyrir helgarnar svo ég geti verið með í leikjunum.“

Getum komist langt á EM

Íslenska kvennalandsliðinu í knattspyrnu hefur oft vegnað betur á vörmauðum en undanfarið. Liðinu gekk illa á hinum árlega Algarve-bikar og spurning hvort stuðningsmenn landsliðsins

þurfi að hafa áhyggjur fyrir EM í sumar.

„Er þetta ekki bara hluti af prógramminu? Minnka væntingarnar og svo komum við alveg klárar til leiks á EM,“ segir Margrét Lára og hlær. Hún minnir þó á að þótt maður komi í manns stað hjóti landsliðið að sakna leikmanna sem leikið hafa marga tugi landsliða og eru mikilvægir innan sem utan vallar.

„Við höfum alltaf verið þekktar fyrir baráttu og leikgleði. Ég hef trú á því að þegar við verðum með okkar sterkasta hóp, sem er mjög reynslumikill, getum við komist ansi langt. Það jákvæða við úrslitin undanfarið er að væntingarnar eru minni en um leið áminning fyrir okkur að íslenskt landslið hefur aldrei efni á því að slaka á.“

kolbeintumi@365.is

VIÐ VILJUM VITA

MÖGULEG INNGANGA ÍSLANDS Í EVRÓPUSAMBANDIÐ SNÝST UM HAGSMUNI ALMENNINGS – UM LÍFSKJÖR – UM FRAMTÍÐ.

KLÁRUM VIÐRÆÐURNAR OG SJÁUM SAMNINGINN.

J AISLAND.IS



KYNNINGARFUNDUR UM FRÍVERSLUNARSAMNINGINN VIÐ KÍNA

Gullið tækifæri eða ógn?

ÞRIÐJUDAGINN 23. APRÍL Á HILTON NORDICA KL. 16:00

Fundurinn fer fram á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut, 2. hæð í sal H-I, 23. apríl kl 16:00.

Bergdís Ellertsdóttir sendiherra og aðalsamningamaður Íslands kynnir samninginn.

Fulltrúar fyrirtækja í útflutningi og innflutningi ræða áhrif samningsins frá sjónarhorni fyrirtækjanna.

Fundarstjóri er Ársæll Harðarson, formaður ÍKV.

Umræður og fyrirspurnir.

Skráning á heimasíðu Íslensk-kínverska viðskiptaráðsins www.ikv.is



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ



冰岛中国贸易促进会
Íslensk kínverska viðskiptaráðið
The Icelandic Chinese Trade Council



VIKUTILBOÐ

KÆLI/FRYSTISKÁPUR

**30%
AFSLÁTTUR**

**TILBOÐ
KR: 97.900.-**

ÁÐUR KR: 139.900.-



RK61810W

Litur: Hvítur

Hæð: 180 cm.

Stærð kælis: 230 lítrar

Stærð frystis: 92 lítrar.

Hljóðstig: 40 dB(A)

Orkunýtni: A+



5 ÁRA ÁBYRGD
Reykjavík • Skútuvogi 1 • Sími: 562 4011
Akureyri • Draupnigata 2 • Sími: 4600 800
Reyðarfjörður • Nesbraut 9 • Sími: 470 2020

RÖNNING



ÓSÆTTI Ivanovic var ekki þar sáttur við tilburði Suarez sem þekkjast einna helst á leikskólum. Fróðlegt verður að sjá hvort Suarez verði refsað. NORDICPHOTOS/GETTY

Tók stórt upp í sig

Luis Suarez var hetjan og skúrkurinn um helgina.

FÓTBOLTI Luis Suarez, framherji Liverpool, var enn einu sinni í sviðsljósinu í ensku úrvalsdeildinni um helgina. Suarez lagði upp mark, fékk dæmda á sig vítaþyrnu, beit andstæðing sinn og skoraði dramatískt jöfnunarmark í 2-2 jafntefli gegn Chelsea.

Jafnteflið skiptir Liverpool litlu en liðið siglir lygnan sjó í 7. sæti deildarinnar. Gestirnir grétu hins vegar tvö töpuð stig og Branislav Ivanovic fór heim með far á handlegg sínum eftir bit Suarez.

„Þetta er til skammar. Hann er að gera sér afar erfitt fyrir hjá Liverpool og hann er á síðasta séns,“ sagði Graeme Souness, knattspyrnugóðsögn hjá Liverpool, eftir leikinn.

Atvikið átti sér stað um miðjan síðari hálfleikinn og kom upp úr þurru. Suarez tapaði boltanum undir pressu frá Ivanovic og lét Serbann finna fyrir tönnum sínum. Atvikið fór fram hjá dómarrátri leiksins.

Souness, sem vann allt sem hægt er að vinna með félaginu,

sagði orðspor Liverpool í hættu. „Þetta er heldur ekki í fyrsta skipti sem hann bitur andstæðing,“ sagði Souness. Vísaði Skotinn í sjö leikja bann sem Suarez fékk sem leikmaður Ajax fyrir sömu háttsemi í leik gegn PSV Eindhoven árið 2010.

Jöfnunarmark Úrúgvæjans kom á sjöundu mínútu viðbótartíma og var vel fagnað af stuðningsmönnum Liverpool sem og áhængendum Arsenal og Tottenham. Lundúnaðið eiga í hatræmri baráttu við Chelsea um sæti í Meistaradeild Evrópu á næstu leiktíð.

Ellefu leikmenn Arsenal unnu seiglusigur á tíu liðsmönnum Fulham á laugardag en Tottenham fékk ærið verkefni á heimavelli gegn meisturum Manchester City í gær. Nasri kom City yfir í fyrri hálfleik en Spurs beit frá sér með þremur mörkum á átta mínútum í síðari hálfleik. Ótrúleg endurkoma hjá Spurs en tap City þýðir að Manchester United verður Englandsmeistari með sigri á Aston Villa í kvöld. -kt

ÁRSFUNDUR

ALMENNA LÍFEYRISSJÓÐSINS ÁRIÐ 2013

Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins verður haldinn á morgun þriðjudaginn 23. apríl á Grand Hótel Reykjavík kl. 17.15

DAGSKRÁ

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur 2012 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs.
3. Kynning á fjárfestingarstefnu Almenna lífeyrissjóðsins.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins.
5. Kosning stjórnar.
6. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags.
7. Ákvörðun um laun stjórnar.
8. Önnur mál.

Nánari upplýsingar um ársfundinn er að finna á heimasíðu sjóðsins, www.almenni.is.

Hægt verður að fylgjast með beinni útsendingu frá fundinum á sjóðfélagavef Almenna lífeyrissjóðsins.

Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta. Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins.

www.almenni.is

ALMENNI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

Vissir þú að...

Það er bannað að misræma börnum eftir lítar hetti!

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

VORUM AÐ
BÆTA VIÐ
BÍLUM!

Notaðir JEPPAR Á TILBOÐI

KOMDU Í
BRIMBORG
Í DAG

JEPPAVEISLA Í BRIMBORG TIL SUMARDAGSINS FYRSTA

Verð frá 1.690.000 kr.

Afsláttur
allt að 750.000 kr.

Kíktu á
notadir.brimborg.is
og finndu bílinn þinn



Komdu í dag

Virka daga er opið milli kl. 9-17 og milli kl. 12-16 á laugardögum í Brimborg, Bíldshöfða 6 og 8 í Reykjavík og Tryggvabraut 5 á Akureyri.

FORD EXPLORER JEPPAR Á FRÁBÆRU VERÐI.
ÁRGERÐIR 2005-2008, BENSÍN, SJÁLFSKIPTIR. TAKMARKAÐ MAGN

Ford Kuga og Ford Escape jeppar einnig á frábæru tilboðsverði.

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Forvarnir eru besta leiðin

Samtökin Blátt áfram og Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF) í samstarfi við Jafnréttisstofu standa fyrir ráðstefnu um forvarnir gegn kynferðisofbeldi dagana 23. og 24. apríl 2013, í stofu 101 Odda, Háskóla Íslands. Sérstakur stuðningsaðili er hljómsveitin Skálmöld.

Dagskrá 23. apríl

- 10.00 Setning. Elísabet Karlsdóttir, framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd
- 10.10 Ávarp. Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu
- 10.20 *Child sexual abuse in sport: Risks and prevention. General risks and safety – an overview*
Celia Brackenridge OBE, prófessor í íþróttum og menntun við Brunel Háskóla
- 12.00 Hádegisverður
- 13.15 *Snemmtæk áhrif: Forvarnir 1, 2 og 3*
Dr. Sigrún Júlíusdóttir, prófessor við HÍ, formaður stjórnar RBF og stjórnarmaður í RÁS
- 13.40 *Forvarnir byrja hjá mér og þér*
Sigríður Björnsdóttir, framkvæmdastjóri og stofnandi Blátt áfram
- 14.00 *Verndarar barna. Mat á forvarnarverkefni gegn kynferðislegu ofbeldi*
Dagbjört Rún Guðmundsdóttir, meistaranemi í félagsráðgjöf við HÍ
- 14.20 *Kynferðisofbeldi í íþróttum. Siðareglur og fræðsla*
Hafdís Inga Hinriksdóttir, BA í félagsráðgjöf
- 14.40 Kaffihlé
- 15.00 *Krakkarnir í hverfinu*
Helga Arnalds og Hallveig Thorlacius, verkefnisstjórar og flytjendur
- 15.20 *Kynferðislegt ofbeldi og forvarnir í grunnskólum*
Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla, Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar
- 15.40 *Það gæti verið þú sem hjálpar: Vitundarvakning um kynferðisofbeldi gegn börnum*
Halla Gunnarsdóttir, formaður verkefnisstjórnar um vitundarvakningu um kynferðisofbeldi gegn börnum

Dagskrá 24. apríl

- 10:00 *Child sexual abuse in sport: Risks and prevention Specific prevention of CSA in youth sport*
Celia Brackenridge OBE, prófessor í íþróttum og menntun við Brunel Háskóla
- 12.00 Samantekt og ráðstefnulok

Fundarstjóri er Svava Björnsdóttir, stofnandi Blátt áfram

Skráning: blattafram@blattafram.is

Skráningargjald kr. 4900 leggist inn á reikning Blátt áfram, 537-26-1452, kt. 430306-0810

Kvittun fyrir millifærslu sendist á blattafram@blattafram.is

BLÁTT ÁFRAM!



MÁNUDAGSLAGIÐ



„Það er lagið Get lucky með hljómsveitinni Daft Punk.“

Katla Ásgeirsdóttir plötusnúður

Ljúfur háskólanemi leikur handrúkkara

Kristján Hafþórsson leikur handrúkkara í kvikmyndinni Falskur fugl sem er nýkomin í bíó.

„Þetta var magnaðasta reynsla sem ég hef upplifað. Að vera á „setti“ með svona frábæru fólki og upplifa þetta kvikmyndastúss var algjört æði,“ segir Kristján Hafþórsson. Hann leikur handrúkkarann og fíkniefnasalann Hödda í kvikmyndinni Falskur fugl sem er komin í bíó. Hlutverkið er hans fyrsta á hvíta tjaldinu og þykir hann standa sig með miklum sóma sem einn af vinum aðalpersónunnar Arnaldar.

„Það er svo myndið að ég hafi

verið að leika þennan gæja því ég sjálfur drekk hvorki né reyki. Það var dálítið skemmtilegt að fara alveg hinum megin á kúrfuna. Ég er mesti ljúflingur í alvörunni.“

Kristján, sem er 21 árs, er í heimspekinámi í Háskóla Íslands og spilar einnig fótbolta með Knattspyrnufélagi Hlíðarenda, sem er í fjórðu deild. Undanfarið á hefur hann jafnframt haldið fyrirlestra í grunnskólum og menntaskólum. „Ég hvet krakka til að sleppa því að drekka en ef

→ Kristján hafði leikið sem statísta og komið við sögu í Spaugstofunni áður en hann fékk óvænt símtal um að leika í Fölskum fugli.

þeir kjósa að drekka bendi ég þeim á að gera það skynsamlega og aðeins ef þeir hafa aldur til og þroska. Annars er ég aðallega að segja krökkunum að vera þeir sjálfir, njóta sín og hafa það gott í lífinu.“



ALGJÖR LJÚFLINGUR Ljúflingurinn Kristján Hafþórsson leikur handrúkkarann Hödda í Fölskum fugli.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ný vitneskja
Fyrirlestur á ensku: Christopher Vasey

Leynardómur æðingarinnar

Þriðjudaginn 23. apríl 2013 - kl. 20:00
Í Norræna húsinu
Sturlugötu 5, 101 Reykjavík
Aðgangseyrir: 500 kr.

Samtal á ensku:
Christopher Vasey og Christof Leuze

Hvers vegna við erum hér á jörð

Fimmtudaginn 25. apríl 2013 – kl. 20:00
Í Norræna húsinu
Sturlugötu 5, 101 Reykjavík
Aðgangseyrir: 500 kr.
Skipuleggjandi: Stiftung Gralsbotschaft / www.gral-norden.net
Vasey-leuze@gral-norden.net / Sími: 842 2552

Leikur með ljós og myrkrur á Penumbra

Íris Hrund Þórarinsdóttir safnar fyrir nýrri plötu á vefsíðunni Karolinafund.com. Erlendur leikstjóri heillaðist af lagi og bauðst til að taka upp tónlistarmyndband.

Tónlistarkonan Íris Hrund Þórarinsdóttir, eða ÍRIS, gefur eftir nokkrar vikur út sína fyrstu plötu, Penumbra. „Ég hef verið í músík alla ævi en ég byrjaði ekki að syngja fyrr en eftir tvítugt,“ segir Íris, sem samdi öll lög og textana sjálf.

Fyrsta lagið af plötunni, Daybreak, hefur verið í spilun undanfarið á Rás 2 og X-inu. „Ég sem mjög mikið út frá röddum og leik mér gjarnan með andstæður í lagsmíðum og útsetningum. Í tónsmíðunum tvinnuði ég saman hefðbundin hljóðfæri á borð við selló, píanó og antíkhljóðfæri á móti ýmsum rafhljóðgjöfum. Ásamt hljóðfæraleik reyndi ég að nýta hljóðfærin til að skapa önnur hljóð en þeim var í raun ætlað, ásamt því að kanna hina ýmsu hljóðgjafa úr daglegu lífi,“ segir Íris. „Það var upp frá þessu sem nafn plötunnar kom til, en Penumbra táknar það svæði þar sem algjört myrkrur og algjört ljós mætast – eða í þessu tilvikinu, þar sem andstæður í tónlist tengjast. Ég reyni að skapa ákveðinn heim í kringum lög og þótt löggin séu mjög persónuleg finnst mér gaman ef hlustandinn getur lagt sína eigin túlkun í þau.“ Tónlistinni lýsir hún sem „alternative“-poppi.

Íris er að leggja lokahönd á plötuna, sem hún fjármagnar algjörlega sjálf, og leitar eftir styrkjum á íslensku söfnunarsíðunni Karolinafund.com, þar sem fólk getur einnig forpantað hana. „Platan er tilbúin en það eina sem er eftir er að klára umslag og prenta plötuna. Það vantar bara síðasta skrefið.“

Hún hefur nýlökkið upptökum á nýju myndbandi sem leikstjórinn Peter Szewczyk tók upp eftir að hafa heyrt fyrsta smáskífulagið af plötunni, Daybreak. Myndbandið er þó við nýtt lag sem kemur út á



SÓLÓPLATA Íris semur sjálf öll lög og texta á nýju plötunni.

MYND/NANNA DÍ

næstu vikum. „Það er mjög fáheyrt að erlendir leikstjóri hafi samband og hvað þá bjóðist til að koma sjálfur til Íslands, svo ég gat ekki annað en tekið boðinu. Hann tengdi greinilega við þetta lag,“ segir hún en Szewczyk hefur unnið við tækniþrellur og fleira í kvikmyndum á borð við Harry Potter, Avatar, Shrek og Ice Age. Hann hefur þó verið að færa sig meira til kvikmyndagerðar og hefur leikstýrt og framleitt stuttmyndir og tónlistarmyndbönd, m.a. fyrir hljómsveitirnar Skunk Anansie og Maccabees. „Þetta myndband er nokkuð stórt í sniðum. Ég fékk tvo leikara til liðs við mig, búningahönnuð og danshöfund og ég hlakka mikið til að sjá útkomuna,“ segir hún en upptökurnar stóðu yfir í þrjá daga á Reykjanesi.

→ Penumbra: Par sem ljós og myrkrur mætast, eða eins konar hálfskuggi.

Íris stundaði meðal annars nám í FÍH en starfar nú sem menningar- og vísindafulltrúi hjá franska sendiráðinu. Hún hefur eytt öllum frítíma sínum í gerð plötunnar og aðspurð segist hún ætla sér stóra hluti í tónlistinni. „Maður verður að fara alla leið og láta vaða. Maður getur ekki gert þetta með hálfum hug.“

Nýtt lag, That Morning, sem Íris gaf út í gær í kjölfar söfnunarinnar má finna á Soundcloud.com/iris-music ásamt lagiinu Daybreak. Frekari fréttir má finna á facebook.com/irismusic.

freyr@frettabladid.is

Tilkynning um framlagningu kjörskrár

Kjörskrá í Mosfellsbæ vegna alþingiskosninga 27. apríl 2013.

Í samræmi við 26. gr. laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis liggur kjörskrá, vegna alþingiskosninga þann 27. apríl 2013, frammi almenningi til sýnis í þjónustuveri Mosfellsbæjar að Þverholti 2, á skrifstofutíma frá kl. 08:00 – 16:00, frá og með 15. apríl 2013 og til kjördags.

Mosfellsbæ 15. apríl 2013.

Bæjarritarinn í Mosfellsbæ

Ertu á kjörskrá?
Upplýsingar má finna hér:
<http://www.island.is/um-island-is/kjorskra/>

Vistvænar og hagkvæmar rekstrarvörur

- fyrir stofnanir og fyrirtæki

Nýr bæklingur frá Rekstrarvörum

Komdu í verslun RV að Réttarhálsi 2 og fáðu eintak af nýja bæklingnum Vistvænar og hagkvæmar rekstrarvörur – fyrir stofnanir og fyrirtæki eða sjóðu hann á heimasíðu RV www.rv.is Einnig getur þú haft samband við þjónustuver RV í síma 520 6666 eða sent okkur tölvupóst á sala@rv.is og við sendum þér bæklinginn.

Rekstrarvörur - vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

RV

Heiðrar minningu móður sinnar

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir selur origami-óróa til styrktar Krabbameinsféluginu.

„Sagan segir að ef maður býr til þúsund origami-trönur fái maður eina ósk. Ég var ákveðin í því að óskinn færi til mömmu,“ segir Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. Hún býr til óróa úr origami-trönunum sem hún selur til styrktar Krabbameinsféluginu, en hún missti móður sína úr krabbameini 3. maí árið 2008.

„Mamma greindist fyrst með brjóstakrabbamein árið 2000. Síðasta árið sem hún var veik bjó ég til origami-trönur. Ég var staðráðin í að gera þúsund trönur til að fá óskina og á sama tíma varð origami-gerðin mér haldreipi í gegnum erfiða tíma.“ Eftir að móðir hennar lést fóru trönurnar í kassa þar sem þær voru geymdar þar til nú. „Mér fannst tími til kominn að halda minningu mömmu á lofti, frelsa fuglana og láta gott af mér leiða í leiðinni,“ segir Guðrún.

→ Guðrúnu Þóru hafa borist 50 pantanir á þremur dögum.

Hún lærði origami-listina af vinkonu sinni þegar hún var sautján ára gömul en sú hafði lært listina af tengdamóður sinni sem var japönsk. „Tengdamamma vinkonu minnar, Takoko Inaba, kenndi henni að gera þetta. Takoko var japönsk og dó árið 2004, einnig úr krabbameini. Þetta er líka gert til að heiðra minningu hennar.“

Fimm dagar eru síðan Guðrún hóf að selja óróana og hafa viðtökurnar verið framar hennar björtustu vonum. „Pantanirnar eru endalausar og miklu fleiri en ég bjóst við,“ segir hún að lokum. Áhugasamir geta pantað óróa á Facebook undir nafninu Origami óróar.



ÓRÓAR TIL GÓDS Guðrún Þóra Gunnarsdóttir býr til origami-óróa til styrktar Krabbameinsféluginu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



TOYO TIRES
driven to perform



Öryggi
mýkt og
ending

**Komdu bílnum
í stand fyrir sumarið**
Bjóðum gæðadekk í öllum verðflokkum



Umboðsmenn um land allt
www.benni.is

Reykjavík • Fiskislóð 30 • Sími: 561 4110
Reykjavík • Grjóthálsi 10 • Sími: 561 4200
Reykjanesbæ • Njarðarbraut 9 • Sími: 420 3333



Bílabúð Benna dekkjapjónusta
Tangarhöfða 8 • Sími: 590 2045
Þjónustuborð: 590 2000



Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
 EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Borgarstjórinn rangfeðraður?

Borgarstjórinn Jón Gnarr kann að vera rangfeðraður. Honum barst bréf þess efnis í síðustu viku og tekur það trúanlegt, að eigin sögn. Þessu ljóstráði hann upp fyrir framan 230 gesti í Þjóðleikhúskjallaranum á föstudagskvöld, þar sem hann var leynigetur á síðasta uppistandskvöldi Mið-Íslands þennan veturinn. Salurinn ærðist þegar Jón var kynntur á sviði í lok kvölds og hlustaði í andakt á söguna af bréfinu, sem borgarstjórinn kvaðst ekki viss um hvernig hann skyldi bregðast við. Jón sagðist líka hlakka til þess að geta farið að einbeita sér aftur að gríninu eftir ár – en þá lýkur kjörtímabili hans í borgarstjórn.



Emilfana mætt til Íslands með nýju plötuna

Emilfana Torri er komin til landsins og er með eintak af væntanlegri plötu sinni í farteskinu. Hún leit við í heim-sókn til kvikmyndagerðarmannsins Gauks Úlfarssonar fyrir helgi og leyfði viðstöddum að hlýða á nýpressaðan gripinn, og á Facebook segir Gaukur að gagnrýnendur þar á bæ hafi ekki haldið vatni yfir honum – platan sé meistara verk. Tónlistarunnendur eru orðnir langeygir eftir nýrri plötu frá Emilfönu. Sú síðasta, Me and Armini, kom út árið 2008, hlaut einróma lof gagnrýnenda hérlendis og náði auk þess mikilli hylli í út-löndum. Hermt er að platan komi hins vegar ekki út fyrr en í haust.



Mest lesið **vísir**

- 1 Handtökur í Breiðholti
- 2 Óvíst hvort yngri árásarmaðurinn muni nokkurn tímann tala
- 3 Bandaríkjamenn þekkja ekki muninn á Tékklandi og Tsjetsjeníu
- 4 Þeim var gefið nauðgunarlyf
- 5 Óvíst hvenær yngri bróðirinn verður yfirheyður

..... ÆVINTÝRASAGA OG SÍÐFERÐILEGT DRAMA."

NRC HANDELSBLAÐ

RAFVÖRU MARKAÐURINN

FLÚRLAMPAR OG KASTARAR

Við Fellsmúla - Reykjavík

<p>FLÚRLAMPAR</p> <p>10W 15W 18W 30W 36W</p> <p>Verð frá 2.595</p>	<p>FLÚRLAMPAR</p> <p>14W 21W 28W</p> <p>Verð frá 2.995</p>	<p>IDNADARLAMPAR M/ SKERM</p> <p>2.995 1 x 36W</p> <p>4.995 2 x 36W</p>	<p>SPEGLALAMPAR</p> <p>Verð frá 4.995</p> <p>Verð frá 5.595 Með tengli</p> <p>Verð frá 4.995 Með tenglum</p>
<p>INNFLÚRLAMPAR Í LOFT</p> <p>6.995 4 x 14W</p> <p>5.995 4 x 18W</p>	<p>20% afsláttur</p> <p>RAKAÞÉTTIR FLÚRLAMPAR MEÐ ELECTRONIC BALLAST</p> <p>T8</p> <p>1 x 18W 3.595 2.876</p> <p>2 x 18W 4.595 3.676</p> <p>1 x 36W 5.995 4.796</p> <p>2 x 36W 6.995 5.596</p> <p>1 x 58W 6.595 5.276</p> <p>2 x 58W 7.595 6.076</p> <p>T5</p> <p>1 x 14W 4.595 3.676</p> <p>2 x 14W 4.995 3.996</p> <p>1 x 28W 5.495 4.396</p> <p>2 x 28W 5.995 4.796</p>		<p>INNRETTINGALAMPAR</p> <p>3.995 8W</p> <p>4.595 13W</p>
<p>FLÚRLAMPAR Á LOFT</p> <p>5.995 4 x 18W</p> <p>5.995 2 x 36W</p>	<p>FLÚRLAMPI Á LOFT</p> <p>2 x 36W</p> <p>4.959</p>	<p>ÚTIKASTARAR M/ HREYFISKYNJARA</p> <p>400W 4.595</p> <p>150W 3.995</p>	<p>ÚTIKASTARI M/ KLEMMU</p> <p>150W 2.595</p> <p>150W 1.990</p> <p>ÚTIKASTARI</p>
<p>FLÓÐKASTARAR - MÁLMHALOGEN</p> <p>250W & 400W</p> <p>150W 14.995</p> <p>9.995</p>	<p>ÚTIKASTARAR Litir: svart, hvítt, grátt</p> <p>150W 1.995</p> <p>500W 2.495</p> <p>1000W 3.729</p>	<p>ÚTIKASTARAR M/ SPARPERU</p> <p>9W 3.995</p> <p>24W 4.595</p>	<p>ÚTIKASTARAR Á STANDI</p> <p>150W 3.495</p> <p>500W 3.995</p>

RAFVÖRU MARKAÐURINN
 VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA
 Mán. til fös. kl. 9 - 18
 Laugard. kl. 10 - 16
 Sunnud. kl. 12 - 16